

Akureyrarbær  
Geislagötu 9  
600 Akureyri

Reykjavík, 10. apríl 2024  
UST202404-057/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 - Blöndulína 3**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akureyrarbæjar er barst 4. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 vegna Blöndulínu 3.

Í greinargerð kemur fram breytingin er vegna áforma Landsnets um framkvæmd við Blöndulínu 3, 220 kV háspennulínu frá Blöndustöð að Rangárvöllum á Akureyri.

Auk þess kemur fram að breyting á aðalskipulaginu gengur út á að fellt er út iðnaðarsvæði I16 fyrir tengivirki raforku í landi Kífsár, legu helgunarsvæðis loftlínu frá sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit að iðnaðarsvæði við Kífsá er breytt, breyta mörkum skógræktar- og landgræðslusvæði SL7 (Græna treflinum), svæði sem nú er skilgreint sem iðnaðarsvæði I16 verði skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði SL7 og að loftlínurnar Rangárvallalína 1 og Dalvíkurlína 1 fá þá skilgreiningu að þær muni víkja á skipulagstímabilinu (2018-2030).

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofnagreinda breytingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Rakel Sæmundsdóttir

***sérfræðingur***